

María Pálsdóttir leikkona hefur svo sannarlega mörg járn í eldinum þessa dagana. Nýverið flutti hún heim til Íslands til að taka við stöðu deildarstjóra fræðsludeildar Þjóðleikhússins og í kvöld sýnir hún ásamt norræna leikhópnum Subfrau This is not my body á Nýja sviði Borgarleikhússins. Í samtali við SILJU BJÖRK HULDUDÓTTUR ræðir hún um stöðu kvenna í leikhúsinu, dragkóngna og nýja starfið.

LEIKLIST FRÁ- BÆR LEIÐ TIL AÐ SKILJA LÍFIÐ

Þegar blaðamann ber að garði er María Pálsdóttir nýkomin heim af fundi í tengslum við nýja starfið í Þjóðleikhúsinu og er greinilega með hugann allan við sýningu Subfrau-leikhópsins *This is not my body* (Petta er ekki líkami minn) sem sýnd verður í Borgarleikhúsinu í kvöld. Hún gefur sér þó tíma til að spjalla og hellingur upp á kaffi áður en við setjumst inn í sólríka stofuna. „Eins og þú sérð þá er flúðin undirlögð leiknum, enda sofa þær hér í hverju skóma-skoti,“ segir María hlægjandi og bendir á allan farangurinn sem fylgir leikhópnum, en leikkonurnar Sonja Ahlfors, Ida Løken, Lotten Roos, Kristina Alstam og Sofia Törnqvist í Subfrau-hópnum gista allar heima hjá Maríu meðan á Íslandsdölv þeirra stendur.

Leikhópurinn Subfrau er saman settur af átta norrænum leiknum sem kynntust í magisternámi sínu við Leiklistarháskólann í Helsinki fyrir þremur árum. „Eitt af því magnaðasta við námið úti var þegar hin skoskættada gjörningalistakona, dansari og dragkóngur, Diane Torr, hélt þriggja vikna námskeið fyrir okkur. Hún er alveg breint ótrúleg kona sem gaman var að kynna. Hún flutti til Bandaríkjanna og ætlaði að lifa af listinni, en það gekk eitthvað erfiðlega og því sá hún fyrir sér með nektardansi. Hún er hins vegar gallharður feministi og stofnaði því stéttarfélag strippara, en var reyndar alltaf ein í félaginu sökum þess að allir aðrir virtust skammast sín fyrir dansinn. En það er óhátt að segja að Diane hafi komið og hrist særlaga upp á okkur,“ segir María og hlær við tilhugsunina.

„Raunar hafði farið fram mikil umræða í skólanum áður en Diane kom um stöðu kvenna í leikhúsinu þar sem stelpurnar höfðu kvartað undan sínum hlut. Til að gera vel við þær var bóúð að setja sérstakt kvennaverkefni á stundarskrána þar sem markmiðið var að skilgreina sviðslistakonu dagsins í dag. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir að við fengjum neitt fjármagn né neinn leikstjóra fyrir þetta verkefni auk þess sem við áttum aðeins að fá að æfa á kvöldin og um helgar. Petta hafði ekki beint góð áhrif á stöðinguna í skólanum og því vorum við alltaf hreint sjóðandi þegar Diane mætti á svæðið. Hún nýtti sér það og virkjaði alla þessa orku okkar í það að láta okkur leika karlmennt.“

Sköpum okkar eigið rými

Að sögn Maríu reyndist það mikið kikk að breyta sér í karlmann. „Til að byrja með vorum við allt of ýkrt og þurftum að draga talsvert úr karlmennskustælnum sem við ósjálf-rátt leitumum í, enda var tilgangurinn ekki að gera grín að körlum heldur einfaldlega vera karlmennt. Einn helsti munur á körlum og konum, og hér alhæfi ég og ýki því auðvitað er fólk mismunandi, er að körlum leyfist að taka meira pláss t.d. líkamlega. Þeir taka sér einnig lengri tíma þegar þeir tala, enda er ekki nærri jafnloft gripíð frammi fyrir þeim, á meðan konur reyna stöðugt að vera þenar, klemma saman á sér hnen, halla undir flatt og brosa. Í vinnuferlinu upplifum við allar hve mikið frelsi fólst í því að leika karlmennt og raunar má segja að við upplifum allar ákveðið afturhvarf til bernskunnar þegar við vorum litlar stelpur og fengum að vera eins og við vildum, áður en við þurftum að verða kvenlegar og settlegar,“ segir María og rifjar samtímis upp að strákunum í bekknum haf fundist bæði erfitt og heftandi að ganga inn í kvenmannshlutverkið.

Undir handleiðslu Diane Torr fóru leikkonurnar að grandskoða karlmennt og hegðun

þeirra t.d. á kaffihúsum eða annars staðar úti í bæ. Og að endingu sendi hún þær í gervinum út af örkinni í smáleidangra. „Ég gleymi því aldrei hvað ég var stressuð þegar ég fór í fyrsta sinn út í gervi karlmanns, en það var til að sækja filmu úr framkollun. Mér fannst hreinlega eins og ég væri að fremja einhvern hroðalegan glæp og að mér yrði refsað ef upp um mig kæmist. Það er í raun afar merkilegt þegar maður spáir í það að leikarar eru stöðugt að setja sig í spor annarra og umbreyta sér í persónur t.d. á öðrum aldri og sem tilheyra öðrum tímaseiðum, en leikarar gera nánast ekkert af því að leika hitt kynið. Af hverju ekki? Það er jú bara ein leið,“ segir María og tekur fram að eftir þriggja vikna námskeið hjá Diane Torr hafi leikkonurnar hreinlega ekki getað hætt þessari rannsóknarvinnu sinni og því var leikhópurinn Subfrau stofnaður.

„Það má segja að vinna okkar einkennist af því að rannsaka hvaða pláss konum leyfist að taka á sviðinu og skoða hver það er sem skilgreinir list leikkonunnar. Það ætti ekki að koma neimum á óvart að leikhúsið er karlaheimur enda eru þeir í meirihluta leikskálda og leikstjóra auk þess sem flest bitastæðu hlutverkini eru ætluð körlum. Petta er bara staðreynd og það þýðir ekkert að pirra sig á því. Hins vegar er skemmtilegt að leyfa sér að snúa upp á hlutina og skoða. Við höfum þannig mikið verið að spá í það hvaða myndir eru dregnar upp af konum á sviði, en þær eru að mörgu leyti afar íhaldssamar. Með sýningum okkar erum við að skapa okkar eigið rými í leikhúsinu og um leið að beina kastljósinu að kvenleika sem sjaldan eða aldrei sést á leiksviðinu.“

Tímum ekki að hætta

Í beinu framhaldi af námskeiði Diane Torr tók Subfrau-hópurinn þátt í alþjóðlegri kvennaleiklistarhátíð í Torneå í Finnlandi sumarið 2001 með sýninguna *Kravattkontrol* (*Bindissýrtjörn*) þar sem þær vöktu þá mikla hrifningu að þær fengu sérstök áhorfendaverðlaun. Sýningin *This is not my body*, sem Íslendingum gefst kostur á að sjá í kvöld, var hins vegar sérstaklega unnin fyrir alþjóðlegu dragkóngahátíðina Go-drag! sem haldin var í fyrsta sinn í Berlín sumarið 2002, en sýningin vakti það mikla athygli að aðalskipuleggjandi hátíðarinnar, Bríge Markland, er þegar búin að bjóða hópnum að sýna á Go-drag! hátíðinni nú í sumar.

Aðspurð lýsir María sýningunni sem nokkurs konar „sjóvi“ þar sem blandað er saman múnólógum, dansi og söng. „Því í sýningunni eru þessir strákar, sem við leikum, saman komnir til að setja upp sitt eigið sjóv. Þeir eru býsna ánægðir með sig og eru virkilega komnir til að slá í gegn. Inn í þetta samhengi kemur síðan ólétt kona og fengum við Kristjónu Skuladóttur til að vera gestaleikari hjá okkur. Raunar kom þetta hlutverk til af því að þegar við fórum með sýninguna til Berlínar á sínum tíma var ég kasólétt, komin sjö og hálfan mánuð á leið, og passaði ekki í búninginn en varð að fá að vera með. Þvo fannst okkur hlutverk óléttu konunnar passa svo vel við konsept sýningarinnar og ákváðum því að halda henni inni. Við höfum því þurft að finna óléttar leikkonur til að fara með hlutverkið á hverjum þeim stað sem við sýnum.“ segir María og tekur fram að þær séu þegar búnar að finna gestaleikkonur fyrir fyrirhugaðar sýningar hópsins í Finnlandi og Svíþjóð síðar í sumar. Aðspurð segir María sýninguna leikna á ensku og íslensku, en að aukri bregði sænsku og finnsku fyrir í hita leikins. Sýning Subfrau í Borgarleikhúsinu er styrkt af Teater og Dans í Norden.

Í seinustu uppfærslu Subfrau-hópsins sem nefnist *Svensexá för Dick* (*Steggjapartí fyrir*



Morgunblaðið/BÖK

„Ég gleymi því aldrei hvað ég var stressuð þegar ég fór í fyrsta sinn út í gervi karlmanns, en það var til að sækja filmu úr framkollun. Mér fannst hreinlega eins og ég væri að fremja einhvern hroðalegan glæp og að mér yrði refsað ef upp um mig kæmist,“ segir María Pálsdóttir leikkona.

Dick) eru leikkonurnar enn að leika sér með karlahlutverk, en sýningin var sýnd fyrir fullu húsi í Helsinki, Vasa, Gautaborg, Malmö og Ósló í leikferð hópsins síðasta sumar og ætlunin er að sýna hana aftur bæði í Svíþjóð og Finnlandi síðar í sumar samhliða *This is not my body*. Spurð hvað framundan sé hjá hópnum segir María þær væru að leggja drög að nokkurs konar dansleikhússýningu án orða. „Okkur langar til að vinna áfram með þessar kynjapælingar, skoða hvað þykir kvenlegt og hvað karlmannlegt. Ætlunin er því að fá tvo danshöfundu, sitt af hvoru kyninu, til liðs við okkur og vinna tveir sýningar sem sýndar verði sem ein heild.“ Auk þess að undirbúa þessa nýju sýningu er bóúð að bjóða Subfrau-hópnum að halda námskeið um vinnuaðferðir sínar við Danska leiklistarskólann og að sýna í Lundúnum með haustinu.

Par sem leikkonurnar búa og starfa í fjórum mismunandi löndum, þ.e. Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi, leikur blaðamanni forvitni á að vita hvernig gangi að halda starfi Subfrau gangandi. „Það skal alveg viðurkennast að þetta væri miklu auðveldara ef við værum allar á sama stað og það krefst þó nokkurrar skipulagningar að halda starfinu gangandi meðan við búum svona dreift. Við nýtum því gill frí, hvort sem það heitir sumarfrí eða páskafrí, til að hittast og vinna. En þó þetta sé flókið í framkvæmd þá tímur enginn okkar í Subfrau að sleppa þessu samstarfi, þetta er einfaldlega of skemmtilegt til þess og við finnum líka að það er mikið áhugi fyrir þessu. Og meðan svo er þá höldum við ótrauðar áfram og finnum okkur leið til að láta þetta ganga upp.“

Huga þarf að grasrótinni

Eins og fyrr var getið er María tiltölulega nýflutt heim til Íslands eftir dölv sína úti, fyrst

í Finnlandi og síðan Svíþjóð, og um síðustu mánaðamót tók hún við stöðu deildarstjóra fræðsludeildar Þjóðleikhússins. Aðspurð segir María starfið leggjast mjög vel í sig, en hlutverk hennar er að vera n.k. verkefnastjóri þar sem hún bæði stýrir og framkvæmir, því hún er eini og jafnframt hálf starfsmaður deildarinnar. Fræðsludeildinni er ætlað að efla samskipti Þjóðleikhússins við kennara og skóla í landinu, með það að markmiði að styrkja stöðu leiklistarinnar sem kennslugreinar í íslenska skólakerfinu. Í því skyni er haldið úti öflugri vefsíðu, kennurum er bóúð upp á námskeið um hvernig þeir geti nýtt sér leiklistarmentun á háskólastigi. Það má segja að við séum þannig að hlúa að leiklistinni með stóru L-i, en á sama tíma erum við líka að nota leiklistina sem tæki í kennslunni. Vinna við leiklist er alltaf samvinna og til að samvinna gangi upp þarf að ríkja gagnkvæmt traust og virðing allra þátttakenda. Þegar það er til staðar er hægt að ganga ansi langt í að setja sig í spor annarra og með því búa til betri mann-skiur. Að mínu mati er leiklist frábær leið til að skilja lífið, sjálfan sig og aðra betur. Og hvað er verðmætara en það í dag?“

„Með þessu starfi erum við bæði að kveikja áhuga barna og unglinga á leikhúsinu og jafnvel undirbúa þau fyrir nám í leiklistartengdum fögum síðar meir, enda mikilvægt að huga að grasrótinni nú þegar verið er að byggja upp leiklistarmentun á háskólastigi. Það má segja að við séum þannig að hlúa að leiklistinni með stóru L-i, en á sama tíma erum við líka að nota leiklistina sem tæki í kennslunni. Vinna við leiklist er alltaf samvinna og til að samvinna gangi upp þarf að ríkja gagnkvæmt traust og virðing allra þátttakenda. Þegar það er til staðar er hægt að ganga ansi langt í að setja sig í spor annarra og með því búa til betri mann-skiur. Að mínu mati er leiklist frábær leið til að skilja lífið, sjálfan sig og aðra betur. Og hvað er verðmætara en það í dag?“

silja@mbl.is